

„Dagarnir eru aldrei nógu langir“

Höfundur: **Auður Guðmundsdóttir** - Ljósmyndir: **Katrín Úlfarsdóttir**

Uppruni og æskuár

Jenný Karlsdóttir handverkskona og kennari er fædd á Akureyri 28. júlí 1939, dóttir Karls Einarssonar bólstrara og Önnu Þorbjargar Jensdóttur körfumublusmiðs. „Ég er alin upp við handverksmenningu og virðingu fyrir handverki frá fyrstu tíð.“ Anna Þorbjörg, móðir Jennýjar, var fyrsta og eina konan á landinu sem hefur menntað sig í körfumublusmíði en þá iðn lærði hún í Bergen í Noregi á þriðja áratug síðustu aldar. Hún rak um tíma verkstæði, fyrst í Reykjavík og svo á Akureyri, meðan körfuhúsgögn voru í tísku fram að síðari heimsstyrjöld. Ein af fyrstu minningum Jennýjar er að hún situr flötum beinum á gólfinu á bólsturverkstæðinu hjá pabba sínum með spýtu og hamar og munninn fullan af nöglum líkt og hún hafði séð pabba sinn gera.

„Ég segi gjarnan að ég sé búin að viðá að mér handverksþekkingu í rúma sjö áratugi og það væri hastarlegt ef ég væri ekki búin að ná einhverjum árangri“, segir Jenný og brosir. „Það var mikill gestagangur á bernskuheimili mínu. Pabbi var úr Þingeyjarsýslu og alinn upp í Kelduhverfi. Fólk þaðan kom gjarnan ýmissa erinda til Akureyrar og dvaldi þá hjá okkur um lengri eða skemmri tíma. Lærlingarnir hans pabba voru líka oft í fæði og húsnæði svo að heimilisreksturinn hjá mömmu var umfangsmikill. Stundum kom til okkar stúlka austan úr Axarfirði til lækninga og dvaldi heima og við náðum vel saman. Ég sat hjá henni löngum stundum og hún kenndi mér að sauma og þrjóna. Ég á ennþá fyrsta útsaumsstykkið sem ég saumaði, þá var ég 7 eða 8 ára. Það varðveittist þannig að pabbi átti glæran öskubakka og það var fest undir botninn þannig að munstrið sást. Mamma var mjög

listfeng, hún málaði og mótaði líka ýmislegt, til dæmis úr gífsi. Ég hef lítið sinnt listsköpum en hef þó átt verk á nokkrum sýningum meðal annars á textílsýningu á Kjarvalsstöðum árið 2004.“

Skólaganga Jennýjar á Akureyri var hefðbundin en eftir tvo vetur í Gagnfræðaskólanum fór hún í Héraðsskólann á Núpi í einn vetur og tók þar gagnfræðapróf. Árið eftir fór hún í Húsmæðraskólann á Laugalandi. Í þessum skólum var góð handavinnukennsla. Á Núpi saumaði Jenný lítinn dúk með feneyjasaumi og í Gagnfræðaskólanum á Akureyri góbelínveggeppi á þriðja metra að lengd, þá var hún 14 ára gömul. „Á kvöldin sat maður með handavinnu og hlustaði á útvarpið og það var ekki endilega verið að sauma einhver smástykki.“

Jenný missti báða foreldra sína á unglingsaldri. „Þegar ég var tæplega 15 ára dó mamma og pabbi dó svo rúmu ári seinna þegar ég var rétt orðin 16 ára. Ég er einbirni og foreldrar mínir voru frekar fullorðnir þegar þeir áttu mig svo ég stóð ein. Þá var það gott fólk sem kom mér á Húsmæðraskólann á Laugalandi. Þar kynntist ég vinkonu minni, Eddu Eiríksdóttur síðar skólastjóra, sem varð mér stoð og stytta alla tíð.“ Þá hafði Jenný einnig kynnst eiginmanni sínum, Ingólfi Magnússyni, og fór að búa þegar húsmæðraskólánáminu lauk. „Ég fór strax að hlaða niður börnum og þegar ég var tvítug átti ég þrjú börn og eignaðist svo tvö eftir það. Það var því í mörg horn að líta og um formlegt handverksnám var aldrei að ræða. Það sem numið var í húsmæðraskóla var ekki menntun sem metin var til prófs. Á þessum tíma var ekki hægt að fara út í búð og kaupa tilbúin föt og allur fatnaður var því unninn heima, saumað og þrjónað það sem þurfti. Í rúm 10 ár tók ég líka að mér að sauma fyrir aðra. Það



1. Hér eru kunnugleg skyldustykki úr handavinnu á síðustu öld.
2. Bandprjónar úr rekaviði af Melrakkaslettu - Jenný smíðaði.
3. Vettlingaskúffan - bláa vettlinginn prjónaði Jenný á þegar hún var barn en hún á aðeins annan eftir.
4. Jurtalitaða bandið hennar Jennýjar.
5. Bakkabönd.

var stundum svolítið strembið með sjö og átta manns í heimili að finna stundir til að sauma á daginn og oft kom ég meiru í verk á tveimur til þremur tímum að kvöldi og að næturlagi en á daginn. Þetta endaði með því að ég fékk óbeit á saumavélinni og er varla búin að taka hana í sátt ennþá.“

Kennslustörf og menntun

„Minn kennsluferill byrjaði í Barnaskólanum á Hrafnagili árið 1967 hjá Eddu Eiríksdóttur, sem þar var þá skólustjóri. Hún fékk mig til að fara á handavinnukennaranámskeið fyrir sunnan og vildi að ég kæmi að kenna hjá sér. Ég kenndi svo smávegis á Hrafnagili í þrjú ár og síðasta árið kenndi ég yngstu krökkunum þrjá daga í viku. Eftir það rak ég svo smábarnaskóla heima einn vetur. Kennaraskortur var þá á Akureyri og Tryggvi Þorsteinsson skólustjóri bað mig að koma og kenna við Barnaskóla Akureyrar. Þar var ég í þrettán ár (1974-1987) og kenndi yngstu árgöngunum. Til að gera langa sögu stutta fór ég í svokallað réttindanám og náði mér í kennararéttindi sem ég fékk árið 1982. Mér fannst námið erfitt því langt var síðan ég hafði verið í skóla. Með þessu námi var ég með 8-10 manns í heimili og kenndi hálfu kennslu. Þetta var krefjandi nám, að hluta bréfaskóli en einnig var kennt í námslotum, til dæmis vorum við sex vikur í Reykjavík í þrjú sumur. Stuttu eftir að ég hætti að kenna á Akureyri og var farin að kenna í Valsárskóla á Svalbarðsströnd átti ég kost á því að fara í sérkennslunám en fannst þá komið nóg af námi í bili, gat ekki hugsað mér meira.“ Það fór því ekki svo að Jenný tæki ekki formleg próf í handverki því að í kennaranáminu tók hún tvær valgreinar, yngri-barnakennslu og smíðakennslu og er því með smíðakennarapróf. „Eina sumarönnina var ég í málmsmíði hjá úrvalskennara, Björgvini S. Svavarssyni, og þar smíðaði ég meðal annars skírnarskál. Ég tók svo aðra sumarönn í trésmíði hjá Bjarna Ólafssyni. Þeir voru miklir öðlingar báðir. Síðan hef ég ekki snert á smíðakennslu sem heitið getur, lagði aldrei í smíðakennslu því mér fundust smíðavélarnar ógnandi. Ég var alltaf í almennri kennslu, aðallega kennslu yngri barna. Hins vegar kenndi ég heimilisfræði á Svalbarðströndinni og ég get sagt þér það að þegar vinir mínir og ættingjar komust að því að ég kenndi heimilisfræði kom á þá undirfurðulegur svipur! Handverkið hefur alltaf átt hug minn allan og ég var mjög dugleg á árum áður að sækja námskeið og víða að mér þekkingu þannig að mér finnst ég í raun og veru hafa nokkuð víðtæka handverksþekkingu. Þetta voru fyrst og fremst nám-

skeið fyrir kennara sem voru mörg og stóðu oft lengi. Síðasta námskeið sem ég hef sótt var í víravirki hjá Júlíu Þrastardóttur gullsmíði hér á Akureyri.“ Jenný dregur fram fallett hálsmen með víravirki sem hún gerði hjá Júlíu en auk þess smíðaði hún sér skraut á faldbúninginn sinn, nælur og ermahnappa.

Þjóðlegt handverk

Greinarhöfundur man fyrst eftir að hafa séð til Jennýjar þar sem hún stóð við stóran pott á hlóðum við Laufásbæinn í Eyjafirði og var að lita band með jurtalitum og spyr hana hvar hún hafi kynnst jurtalituninni? „Það var á handavinnukennaranámskeiði í gamla Kennaraskólanum við Laufásveg hjá Ingibjörgu Tryggvadóttur frá Halldórsstöðum í Bárðardal árið 1977. Ég heillaðist alveg af jurtalituninni og síðan hef ég verið eins og þau segja hérna heima, alveg „bandvitlaus“! Ég er búin að lita heil reiðinnar ósköp í gegnum tíðina og mér finnst alltaf jafn spennandi að færa upp úr pottinum því maður veit aldrei nákvæmlega hvaða lit maður fær. Það er gaman að gera tilraunir og prófa eitthvað nýtt og ef ég hef þurft að klippa niður stofublómin mín hef ég stundum tekið afskurðinn og sett í pott til að athuga hvaða lit þau gefa mér. Upp á síðkastið hef ég verið að lita útsaumsband fyrir konur sem eru að koma sér upp faldbúningi.“

Jenný var orðin fullorðin þegar hún lærði að spinna en eins og hún segir var bernskan stutt hjá henni og æska og unglingsár varla til. „Ég kynntist fyrst ullarvinnu og spuna úti í Svarfaðardal á námskeiði á vegum Lene Zachariassen og Höddu (Guðrún Hadda Bjarnadóttir). Ég held að það sé svolítið sambærilegt að spinna á rokk og hjóla, þú þarft að ná ákveðinni samhæfingu handa og fóta og svo kemur höfuðið líka eitthvað við sögu en maður lærir ekki að spinna á einni helgi. Hadda og Beate Stormo í Kristnesi voru að vinna með Lene á þessum árum og það varð úr að við, ásamt fleirum, fórum að koma saman á kvöldin til að spinna. Þannig náði ég tökum á rokknum.“

Jenný á mynd af sér, nokkurra ára gamalli, í upphlut og hún er beðin að segja mér frá þjóðbúninga-saumi sínum. „Frænka mín fyrir vestan gaf mér silfur á upphlut sem mamma saumaði á mig þegar ég var 5 ára. Og áður en mamma dó var hún búin að láta útbúa allt silfur á nýjan upphlut fyrir mig og var meira að segja búin að kaupa efnið í hann. En það var svo ekki fyrir en ég var komin undir þrítugt að ég fékk föðursystur mína, sem var mér stoð og stytta, til að hjálpa mér að sauma upphlutinn. Nokkrum árum seinna saumaði ég mér svo peysuföt á námskeiði sem hér



Jenný með gersemarnar sínar.



Víravirki - Jenný smíðaði.

var haldið. Þegar Inga Arnar fór að vera með þjóðbúninganámskeið hér á Akureyri saumaði ég mér 19. aldar uppplut. Einnig saumaði ég þá uppplut á yngstu dóttur mína. Svo fór ég ásamt fleiri konum hér að sauma faldbúning. Nú í nokkur ár hafa kennarar frá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands komið norður eina helgi í mánuði yfir veturinn. Námskeiðin eru haldin í gamla Húsmæðraskólanum á Laugalandi í samvinnu við Þjóðháttafélagið Handraðann. Það er mikill áhugi

á þjóðbúningasaumi hér um slóðir og margar ungar konur komnar í hópinn. Þessi búninganámskeið á Laugalandi eru svo vel sótt að bæta þurfti þriðja deginum við þannig að saumahelgarnar eru orðnar þrjár dagar en ekki tveir. Fólk bíður eftir að komast að. Svo er líka lúxusvandamál hve erfitt er að losna við þær sem ljúka við búninga því þær byrja bara á nýjum! Þannig að ég er að sauma peysuföt núna á elstu dóttur mína. Það er ákaflega mikilvægt fyrir okkur hér fyrir norðan að fá þessa aðstoð og kennslu frá Heimilisiðnaðarfélaginu og kennararnir eru alveg einstakir. Námskeiðin sækja líka konur úr Þingeyjarsýslu og úr Skagafirði. Þegar ég fermdist saumaði mamma á mig hvítan kyrtlbúning. Þetta var rétt áður en fermingarkyrtlarnir voru teknir upp í kirkjum og ég fékk veglegt stökkabelti í fermingargjöf. Þjóðbúningarnir hafa því fylgt mér lengi."

Söfnun og útgáfa

Næst snúum við talinu að söfnun Jennýjar. „Ég fór snemma að safna handavinnu þannig að nú á ég heilmikið textílsafn. Hvað verður um það veit ég ekki en mér er nokkuð sama hvert á land það fer ef það fær viðeigandi umgjörð og verður sýnilegt. Ég vil líka helst að fólk geti skoðað, þreifað og þuklað á einhverjum

hluta þess án hvítra hanska. Þannig getur það fundið fyrir efni og áferð og fengið hlutdeild í sögu fólksins sem lagði metnað og mikla vinnu í að skreyta og fegra heimili sín. Mig langar ekki að setja það á safn þar sem það yrði sett í kassa og geymslur og látið liggja þar. Handavinna er hluti af menningararfi okkar sem bæði verðskuldar og þarf að vera komandi kynslóðum sýnileg. Munstrum hef ég safnað líka. Fólk fór að leita til mín eftir munstrum af þessu og hinu. Ég fór því að taka saman munstur, ljósrita og setja í hefti og selja á Handverkshátíðinni á Hrafnagili. Einnig fór ég að endurútgefa elstu íslensku handverksbækurnar, t.d. Leiðarvísi til að nema ýmsar kvenlegar hannyrðir sem kom út 1886 og Leiðarvísi til að nema ýmsar hannyrðir og fatasaum frá 1928, sem og þrjú jurta-litunarkver frá 20. öld og tvö smíðakver frá 19. öld. Útgáfan hlóð svo utan á sig eins og snjóbolti og er í raun tvískipt. Annars vegar er endurútgáfa á þessum gömlu bókum eins og þær voru upprunalega nema ég bætti gjarnan við smá formála um höfundana. Ég hafði samband við afkomendur höfunda þar sem þess þurfti og fékk ómældar þakkir fyrir að vekja athygli á verkum þeirra. Þó að ég fengi þakklæti úr ýmsum áttum var þetta líka litið hornauga af sumum sem töldu að þetta gæti vart staðið undir því að vera útgáfa. Hins vegar hef ég verið að taka saman munstur héðan og þaðan og sett saman í þemahefti. Samtals eru þetta orðnir 48 titlar. Markmiðið var að koma þessu til sem flestra sem hafa áhuga á handverki og til hönnuða sem vonandi geta nýtt sér þetta efni sem einskonar hugmyndabanka. Af því að ég geri þetta allt sjálf á þennan einfalda og ódýra hátt hafa heftin farið víða. Núna er ég að hætta þessu, allt hefur sinn tíma. Ég á smávegis af pappír og ætla að nota á meðan hann endist í þær bækur sem mér finnst sjálfri merkilegastar. Svo er þetta bara búið. Heftin hafa til dæmis talsvert verið í útláni á Amtsbókasafninu og þetta slitnar af notkuninni, þannig að í sumar endurnýjuðu þeir það sem mest var fengið að láni, því þeir vilja hafa þetta áfram, sem mér finnst mjög jákvætt.“

Við ræðum um misjafnar skoðanir fólks á handverki og munstrum eftir því hvaðan þau eru upprunnin og Jenný segir: „Það er gaman að segja frá því hvernig munstur berast á milli manna. Ég útbjó fjögur hefti í stóru broti sem ég kalla Gömul munstur og tók þá mikið af munstrum upp úr Nýju kvennablaði sem kom út á árunum 1940–1967. Síðar rakst ég á þessi sömu munstur í gömlum eintökum af Familie journal frá því um 1920. Þannig berast munstur gjarnan frá einni kynslóð til annarar eftir ýmsum leiðum og



Jenný í faldbúningi 18. aldar sem hún saumaði sjálf.

reyndar ótrúlegt hvað hugmyndir og munstur voru oft fljót í förum milli landa. Danska blaðið Familie journal var mikið keypt hér á landi og þegar komið er á byggðasöfn sjást ýmsar hugmyndir þaðan á íslensku handverki. Eftir að hafa skoðað tuttugu árganga af Familie journal frá 1915–1935 virðist mér vera fátt sem ekki var hægt að læra af því ágæta blaði. Það var fjölbreyttur hugmyndabanki með munstrum og teikningum af ýmsum spennandi munum. Séríslensk munstur er flókið mál því erfitt er að fastsetja



Munsturbækur Jennýjar.

hvaðan hugmyndirnar koma. Áttablaðarósin er til dæmis ekki séríslensk, hún er fjölþjóðleg. Ég hætti þessari munsturútgáfu sátt, finnst ég hafa gert mitt til að tengja fortíð og framtíð saman í handverkinu.“ Heimasiðan munstur.is gefur gott yfirlit yfir munstursöfnun og útgáfu Jennýjar.

Rannsóknir á altarisdúkum

Talið berst að altarisdúkunum sem Jenný hefur verið að rannsaka síðustu ár, ásamt Oddnýju E. Magnúsdóttur og hún er beðin að segja frá því hvernig sá áhugi kviknaði. „Ég var gestanemandi í myndvefnaði í Statens lærerhögskole í forming í Osló veturinn 1995–1996 og þá fórum við mikið í vettvangsferðir, meðal annars í kirkjur. Ég sá að altarisdúkarnir í kirkjunum þar voru mjög svipaðir og hér heima og munstrin oft þau sömu. Sú hugmynd kviknaði og smáþróaðist hjá mér að rannsaka þetta nánar. Það var svo árið 2003 að ég hafði samband við Oddnýju vinkonu mína á Húsavík, sem er bæði listakona og þjóðfræðingur, og spurði hana hvort hún væri til í að koma og rannsaka með mér altarisdúkumunstur. Við erum nú búnar að heimsækja kirkjur víða um land. Við höfum fyrst og fremst verið að rannsaka handgerða altarisdúka og erum búnar að mynda og skrá upplýsingar um

rúmlega 300 dúka í um 200 kirkjum og hvergi nærri hættar. Það hefur ýmislegt komið í ljós við þessa rannsókn okkar, til dæmis að algengasta munstrið í Þingeyjarsýslum er hvergi að finna í Eyjafirði eða Skagafirði en við fundum það á einum aflögðum dúk í Húnavatnssýslu. Þetta sama munstur er hins vegar nokkuð algengt á Suðurlandi. Þá er sama munstrið líka oft til í nokkrum tilbrigðum. Þannig hagræðir hver og einn munstrinu eftir sínu höfði. Mér finnst mjög gaman að sjá þegar fólk leggur eitthvað frá sjálfu sér í verkið eða býr til nýtt munstur.“ Það má fræðast nánar um þessa rannsókn á heimasíðunni munstur.is og þar eru líka greinar um verkefnið, meðal annars úr Hug og hönd frá árinu 2008.

Framtíð handverks

Að lokum ræðum við um framtíð handverks. „Það er gleðiefni hvað mikill áhugi er á handverki um þessar mundir. En margir finna til vanmáttar því að fólk kann ekki til verka enda handavinnukennsla í skólum mjög á undanhaldi og mikil þekking hvarf þegar gömlu húsmæðraskólarnir lögðust af. Margir sjá ekki lengur mun á því hvort er réttan eða rangan á útsaumi eða hvort um er að ræða handsaum eða vélsaum. Ég fór að hugsa um stöðu handverks í fyrra þegar þeir tóku upp á því hjá Akureyrarbæ að veita mér viðurkenningu fyrir handverk. Hvenær heyrirðu framámenn þjóðarinnar á hátíðarstundum vegsama handverksmenningu? En er það ekki stórkostlegt að forfeður okkar skyldu þrauka gegnum allskyns óáran eins og náttúruhamfarir, hungur og drepsóttir? Það gerðu þeir einmitt af því að þeir kunnu að bjarga sér, kunnu að koma ull í fat og mjólk í mat. Og það er einmitt fyrir þrautseigju þessa fólks sem lifði af að við erum þjóð í dag. Við skulum gleðjast yfir því og hugsa með þakklæti til forfeðranna.“

Ævikuöldið

„Það er mikill fjársjóður þegar fólk eldist að það hafi áhuga á að gera eitthvað, puða og reyna á sig. Mér finnst vera mikið framundan, þó ég sé ekki að tíunda eitt frekar en annað. Ég er heppin að hafa mikla starfslöngun og segi gjarnan að ég sé fullbókuð til 2040 og þá verð ég ekki nema 101 árs! Það eina sem ég þarf að hafa verulegar áhyggjur af er aldurstengdur tímaskortur. Það er verst að dagarnir eru aldrei nógu langir.“




Práðarleggir með jurttalituðu bandi.



Bættur dúkur.



Ýmsir smíðisgripir eftir Jennýju.



Mamma fyrsta krossastykkið 7 þora
gjóft til þessa sett under gler
oskubakka



Fyrsta útsaumsstykkið. „ég merki allt sem ég get segir Jenný”.